

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 59/1991. **Ákærvaldið**
 gegn
Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. janúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar 1991 kl. 17.06.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálaskostnaður verður ekki dæmdur. Aðfinnsluverður er dráttur, sem varð á sendingu málsskjala til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Leifi Péturssyni verði með úrskurði gert að sæta framlengingu á gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

RLR vinnur nú að umfangsmikilli rannsókn fjársvika og skjalafals með

tékkum úr tékkheftum, sem að undanförunu hafa horfið í nokkrum innbrotum og með öðrum hætti úr vörslum rétthafa. Kærði var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 13. janúar sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til dagsins í dag kl. 16.00 vegna rannsóknar ýmissa mála.

Kærði hefur við yfirheyrslur fyrir RLR og fyrir dómi viðurkennt aðild sína að skjalafalsi og fjársvikum í fimm málum, sem nú eru til rannsóknar hjá RLR. Kærði hefur hins vegar neitað sök í þremur kærumálum á hendur honum. Rannsókn mála þessara er nú á lokastigi.

Upplýst er, að kærði hefur lítið stundað atvinnu að undanförunu. Hann kvaðst hins vegar hafa fastan samastað hjá móður sinni.

Afbrotaferill kærða er langur og nær óslitinn frá árinu 1974. Verður að telja víst, að kærði sé síbrotamaður, sem hafi ekki ofan af fyrir sér með heiðarlegum hætti. Þykir því veruleg hætta á, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars 1991 kl. 16.00.